

Hafnarfirði nóvember 2014

Ágæti viðtakandi.

Karлакór eldri Þrasta þakkar veittan stuðning við starfið undanfarin ár.

Kórinn hefur starfað samfelld í yfir tuttugu ár og hefur starfið oftast verið blómlegt sem þó hefur mikið helgast af þeim fjármunum sem kórinn hefur haft til ráðstöfunar hverju sinni. Starfið er um þessar mundir allkröftugt og eru félagar nú 25-30. Til þess að geta áfram haldið úti starfinu af sama krafti þarf kórinn að treysta á velvilja þeirra sem vilja styrkja starfið með framlagi sem ásamt árgjöldum félaga stendur undir starfinu. Starf kórsins hefur mikið og gott forvarngildi sem fellst í því að gefa félögum sem flestir hafa í áratugi starfað í aðalkór Þrasta kost á að halda áfram að syngja meðan kraftar endast. Auk þess hefur kórinn glatt marga aðra eldri borgara í Hafnarfirði og víðar með söng við hin ýmsu tækifæri. Við viljum því óska eftir að viðtakendur þessa bréfs sjái sér fært að styrkja starfið með fjárframlagi. Kórinn lýsir sig fúsan til þess að koma fram og syngja fyrir styrkveitendur við ýmis tækifæri svo sem: Árshátíðir, afmæli, jólafagnaði og hina ýmsu menningarviðburði sem eru og verða á dagsskrá á starfsárinu.

Söngur gleður og eykur þrótt og samkennd.

Með vinsemi og þakklæti f.h. Karlakórs Eldri Þrasta.

Ólafur P. Guðnason

*Klettaberqi 40
221 Hafnarfirði*